

Fundur haldinn í **Héraðsnefnd Austur Húnavetninga** mánudaginn, 13. desember 2004 kl. 14:00 í Félagsheimilinu á Blönduósi. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Valgarður Hilmarsson, oddviti og framkvæmdastjóri Héraðsnefndar setti fundinn. Tilnefndi hann Jóhann Guðmundsson sem fundarstjóra og Jónu Fanneyju Friðriksdóttur sem fundarritara og samþykkti fundurinn það.

Samþykkti fundurinn jafnframt að hliðra til upphaflegri dagskrá og taka fyrst upp liðinn "sorpmál" og að í kjölfarið yrðu liðirnir "Rekstur ársins 2004 og fjárhagsáætlun 2005" teknir saman.

Dagskrá:

1. Sorpmál.
2. Rekstur ársins 2004 og fjárhagsáætlun 2005.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Sorpmál.

Magnús B. Jónsson lagði fram verksamning við Jarðfræðistofuna Stapa ehf sem undirritaður hefur verið af Samstarfsnefnd um sorpförgun á NV, með fyrirvara um samþykki Héraðsnefndar A-Hún, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps. Verkið felst í vinnu við skýrslu um mat á umhverfisáhrifum sorpförgunar fyrir NV, undirbúning og fundarhöld.

Í samningnum er áætlað að vinna Jarðfræðistofunnar Stapa nemi um 4 mkr., áætluð vinna undirverktaka er um kr. 3,5 mkr og gert er ráð fyrir liðnum "ófyri séð" að upphæð 1,5 mkr. Verð eru án virðisauka. Skipting sveitarfélaganna er eftirfarandi:

- Héraðsnefnd A-Hún: 32,81%
- Sveitarfél. Skagafj.: 63,60%
- Akrahreppur: 3,59%

Magnús kynnti stöðu verkefnisins og fór yfir helstu áætlanir vegna umhverfismatsferilsins. Fram kom að skýrsla um tillögu að matsáætlun liggur fyrir innan nokkurra daga og verður hún þá send Skipulagsstofnun. Hefur nefndin lagt áherslu á að skoða sem flesta valkosti, s.s. landsvæði til urðunar sem og sorpbrennslu. Fram kom að kröfur um meðhöndlun úrgangs hafa stórauðist undanfarið sbr. ný reglugerð frá árinu 2003.

Töluverðar umræður urðu um sorpförgunarmál.

Almennt voru fundarmenn sammála um að kanna þyrfti möguleika á sorpbrennslustöð til þrautar en töldu að mikilvægt væri að fá kostnaðartölur hið fyrsta. Skýra þarf kosti og galla sorpurðunar / sorpbrennslu og meta hvor leiðin er vænlegri.

Framlagður verksamningur við Jarðfræðistofuna Stapa ehf. borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða af fundarmönnum.

2. Rekstur ársins 2004 og fjárhagsáætlun 2005.

Oddviti/framkvæmdastjóri fór yfir helstu rekstrarþætti ársins 2004 og horfur ársins 2005. Fram kom að rekstur ársins 2004 er hærri en gert var ráð fyrir og því töluverð aukning á kostnaði á milli ára.

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun 2005. Oddviti/framkvæmdastjóri lagði fram greinargerð í formi minnisblaðs sem dreift var til fundarmanna.

Greinargerð vegna reksturs 2004 og fjárhagsáætlunar 2005

a. Dvalarheimilið Sæborg

Á árinu 2004 urðu verulegar breytinga á rekstri Sæborgar þar sem fengust heimildir fyrir 3 hjúkrunarrýmum. Komið var á næturvakt og gerður samningur við HSB um þjónustu hjúkrunarfræðings og lækna.

Áhrif af þessum breytingum eru þær að daggjöld vegna hjúkrunarrýma voru 12.614 á móti 5.674 í dvalarrýmum og er því mismunurinn 6.940 og er þessi mismunur að skila á ári í auknum tekjum 7.599.300. miðað við fullnýtingu 3ja rýma. Næturvaktin kostar um 4.5 millj. aukning í heilbrigðisþjónustu og lyfjakostnaði hefur aukist verulega. Í samræmi við framan sagt hefur þessi aðgerð ekki haft verulegar breytingar á niðurstöðu rekstrar þar sem kostnaður hefur aukist nokkuð á móti auknum tekjum.

Rekstur ársins 2004 er rekinn með verulegum halla og gæti hann numið um 6 milljónir kr. Mesti áhrifavaldur er sá að vistmenn hafa aðeins verið 9 allt árið en daggjöld með einum vistmanni í dvalardeild skila á ári um 2 millj. á ári. Þannig að ef vistmenn hefðu verið þremur fleiri hefði tekjur aukist um 6 millj. En vistmenn hafa oft verið um 12 samtals.

Þá urðu all verulegar hækkunar á launum á árinu meðal annars vegna leiðréttinga sem voru afturvirkar. Nú eftir að þau drög að fjárhagsáætlun sem nú liggja fyrir voru gerð hefur farið fram starfsmat starfsmanna Sæborgar sem mun hafa þau áhrif að laun hækka að minnsta kosti um 4% á ári og er starfsmatið afturvirkt til 1. des. 2002.

Þau drög að fjárhagsáætlun sem liggur fyrir fundi héraðsnefndar er byggð á þessari stöðu og er því um verulega hækkun á áætluðum halla að ræða sem skýrir stóran hluta af þeirri hækkun sem er á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2005.

Það er því alveg ljóst að til að ná rekstri Sæborgar í viðunandi horf verður að nást að fjölga vistmönnum og einnig mundi fjölgun hjúkrunarrýma hjálpa verulega til.

b. Brotamálmar

Á árinu 2004 var áætlað 1. millj. vegna samnings við Hringrás en raun kostnaður varð 3.248.000.- aukningin er vegna þess að Hringrás losaði svæðið og flutti burtu allt sem komið var á söfnunarstaði. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna brotamálma á árinu 2005.

c. Sorpmál

Árið 2004 var áætlað vegna undirbúning nýs sorpurðunarstaðar 1.700.000.- en á árinu 2005 er áætlað 2.000.000.- (sjá nánar lið 2 hér að neðan).

d. Tónlistarskólinn

Ekki eru áætlaðar breytingar á rekstri skólans nema að í lok ársins 2004 fékk skólinn til afnota allt húsið að Húnabraut 26. Samningar um laun tónlistakennara eru framundan og geta sett áætlaðan launakostnað úr skorðum. Gert er ráð fyrir að breyta kyndingu í Bogabraut úr olíu í rafmagn.

e. Hnitbjörg

Rekstur er í föstum skorðum, gert er ráð fyrir að verja 1.200.000.- til viðhalds

f. Skólapiónusta

Drög að fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að kostnaður yrði svipaður og 2004. Nú hefur það gerst að samningur um sálfræðipiönustu hefur verið sagt upp þannig að semja þarf að nýju um þá piönustu. Vonast var til að hægt yrði að semja við aðila á staðnum en það gekk ekki eftir þannig að það þarf að hækka þennan lið 400-600 þúsund.

g. Atvinnumál

Ekki er áætlað fyrir sérstöku framlagi til atvinnuþróunar sem var 1.800.000.- 2004. Þetta er gert vegna þeirra breytinga sem urðu á SSNV og ANVEST.

h. Sameiginlegur kostnaður

Þau markmið sem sett voru um að ná niður kostnaði við yfirstjórn hafa náðst og er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi árið 2005.

i. Svæðisskipulag

Í áætluninni er gert ráð fyrir kostnaði uppá 2.000.000,- og að verkinu ljúki á árinu 2005. Verið er að auglýsa tillögu að svæðisskipulaginu og gert ráð fyrir að kærufrestur renni út 5. febrúar 2005.

i. Erindi sem borist hafa vegna fjárhagsáætlunar 2005

- *Nefnd um Textílsetur óskar eftir þátttöku Héraðsnefndar að upphæð 1 milljón króna í stofnframlag.*
- *Heimilisiðnaðarsafnið óskar eftir auknu framlagi til rekstrar og viðbótarframlagi vegna þátttöku í stofnun sjálfseignarstofnunar um Textílsetur.*

Desember 2004, Valgarður Hilmarsson

Oddviti/framkvæmdastjóri fylgdi fjárhagsáætlun 2005 nánar úr hlaði og fór yfir helstu liði hennar.

Í drögum fjárhagsáætlunar sem fyrir liggja er heildarframlag sveitarfélaganna áætlað 65.530 þús á árinu 2005 en var áætlað 54.583.000 í upphaflegri fjárhagsáætlun 2004 sem er um 20% hækkun á milli ára. Er þá ekki gert ráð fyrir halla ársins 2004 (sbr. greinargerð) sem er um 4,5 mkr þar af er halli Sæborgar um 3 mkr.

Miklar umræður urðu um halla ársins 2004 og hækkun á fjárhagsáætlun næsta árs og tóku margir fundarmanna til máls.

Helstu málefni sem rædd voru:

Sæborg:

Miklar umræður urðu um rekstrarvanda Dvalarheimilisins Sæborgar og fyrisjáanlegt er að halli ársins 2004 verði umtalsverður. Heimilismönnum hefur fækkað úr 12 í 9. Biðlistar eftir dvalarrýmum eru hins vegar víðsvegar og því töldu fundarmenn mikilvægt að markaðssetja og kynna Sæborgu sem valkost fyrir þá einstaklinga sem skráðir eru á biðlista.

Rætt var um möguleika til að fjölga vistmönnum og taldi Jóhann Guðmundsson mikilvægt að koma upp vönduðu kynningarefni, s.s. bæklingi. Í slíku kynningarefni væri hægt að leggja áherslu á heimilislegar aðstæður Sæborgar og senda til kynningar víða um land.

Atvinnumál:

Fundarmenn ræddu sameiningu SSSV og ANVEST. Adolf Berndsen undraðist það að ekki væri gert ráð fyrir liðnum "Atvinnumál" sem hingað til hefur farið sem framlag til Atvinnuþróunarfélags Norðurlands vestra. Samþykkti fundurinn að gera ráð fyrir kr. 1.200 þús í fjárhagsáætlun 2005 til atvinnumála.

Fræðslu- og menningarmál:

Björn Magnússon áréttaði að Tónlistarskólinn væri að hækka á milli ára og velti fyrir sér hvort möguleiki væri á hækkunum gjalda fyrir nemendur. Taldi hann

jafnframt að endurskoða þyrfti húsaleigugreiðslur Tónlistarskólans í Húnavallaskóla.

Rafn Sigurbjörnsson lagði áherslu á að halli síðasta árs yrði gerður upp sérstaklega og vandanum ekki frestað fram í tímann. Taldi hann til umhugsunar hvort fresta ætti framlagi sem sótt er um vegna Textílsseturs.

Tók Jón B. Bjarnason undir orð Rafns með að fresta framlagi til Textílsseturs.

Erlendur G. Eysteinnsson taldi að brýnt væri að bregðast við fyrirliggjandi hækkunum áætlana og kanna í hverju þenslan felst. Taldi hann ráðlagt að greiða ekki upp halla Sæborgar heldur láta á reyna að fá ríkisvaldið til samstarfs. Miðað við þann mikla halla sem blasti við taldi hann ekki rétt, miðað við aðstæður, að veita framlag til stofnun Textílsseturs.

Jóhann Guðmundsson tjáði að hreppsnefnd Svínvatnshrepps hefði samþykkt að taka þátt í stofnun Textílsseturs.

Annað:

Ágúst Þór spurðist fyrir um málefni Héraðsskjalasafns og bað um skýringar hvers vegna yfirstjórnun væri ekki að lækka meira en raun ber vitni skv. fyrirliggjandi drögum. Oddviti/framkvæmdastjóri tjáði að gert væri ráð fyrir 1 mkr. lækkun í yfirstjórnun. Ekki væri búið að ráða starfsmann í Héraðsskjalasafn en að því yrði hugað uppúr áramótum.

Jóhanna G. Jónasdóttir minnti á að á síðasta fundi Héraðsnefndar hefði verið umræða um inngöngu Héraðsnefndar í Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Eftir miklar umræður um hina ýmsu málaflokka var eftirfarandi tillaga borin upp:

Hækkun á fjárhagsáætlun 2004:

Til að mæta halla fjárhagsáætlunar 2004 samþykkir fundurinn samhljóða að sveitarfélögin greiði 13. greiðslu vegna halla ársins 2004 samtals að upphæð u.þ.b. 4,5 m kr.

Jafnframt var samþykkt að veita Dvalarheimilinu Sæborgu heimild til lántöku að upphæð 3 – 4 mkr fyrir áramót. Tíu greiddu tillögunni atkvæði, einn var á móti og tveir sátu hjá.

Héraðsnefnd ákvað eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlun 2005:

Málaflokkur	Tillaga að hækkun / lækkun Fjárhagsáætlunar 2005	Niðurstaða fundarins
Framlag til stofnunar Textílsseturs, sbr. fyrirbyggjandi bréf frá Páli Péturssyni.	Allt að kr. 1.000.000,-	Samþykkt
Framlag til stofnunar Textílsseturs, sbr. fyrirbyggjandi bréf frá Páli Péturssyni.	Kr. 250.000,- framlags til Heimilisiðnaðarsafns vegna Textílsseturs.	Samþykkt
Dvalarheimilið Sæborg: Hækkun launa v. starfsmats.	Kr. 2.500.000,-	Samþykkt
Skólaþjónusta v. sálfræðiþjónustu:	Kr. 400.000,-	Samþykkt
Hækkun á rekstrarstyrk til Heimilisiðnaðarsafns:	Kr. 500.000,-	Samþykkt
Lækkun v. svæðisskipulags	Kr. 1.000.000,- til lækkunar	Samþykkt
Atvinnuþróunarstarfsemi	Kr. 1.800.000,-	Samþykkt
Alls breytingar á fjárhagsáætlun 2005:	5.450.000	

Heildarframlög sveitarfélaganna verða því: 70.980 þús kr.

Fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum var borin upp og var hún samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál voru engin.

Ákveðið að fundarmönnum yrði send fundagerð til yfirlstrar.

Fundi slitið kl. 17:20.

Jóhann Guðmundsson
 Adolf H. Berndsen
 Ágúst Þór Bragason
 Björn Magnússon
 Erlendur Eysteinnsson
 Jensína Lýðsdóttir
 Jóhanna G. Jónasdóttir
 Jón B. Bjarnason
 Magnús B. Jónsson
 Rafn Sigurbjörnsson
 Tryggvi Jónsson
 Valdimar Guðmannsson
 Valgarður Hilmarsson
 Þórdís Hjálmarsdóttir

Jóna Fanney Friðriksdóttir

